


Akureyrarkaupstaður
Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. janúar 2010
Tilvísun: UST20100100197/ksj

Hafnarsvæði í Krossanesi, Akureyri. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Tillaga að breyttu deiliskipulagi. Breyting: Lenging viðlegukants.

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 21. október sl. og síðan aftur þann 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 varðandi hafnarsvæðið í Krossanesi og tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis að Krossanesi, Akureyri, þar sem gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants í Jötunheimavík um 120 metra til suðurs. Við þessa breytingu mun umferðar- og þjónustusvæði hafnarinnar stækka að sama skapi.

Krossaneshöfn hefur lengst af verið fiskihöfn og olíuhöfn, en með breytingunni verða bættar aðstæður fyrir flutningaskip allt að 16.000 bt. Fram kemur í greinargerð að ekki sé þörf á dýpkun vegna lengingarinnar. Einnig kemur fram í greinargerð að áætlað efnismagn í stækkun fyllingar og viðlegukant er um 15.000 m³ og mun efni verða fengið úr grjótnámu Akureyrarbæjar í Krossanesi og hefur samkvæmt greinargerð tilskilin rekstrarleyfi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi.

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.


Heildarstækkun hafnar


Fram kemur í greinargerð á aðalskipulagsupprætti að flatarmál uppfyllinga eykst úr 3,2 ha í samtals 3,7 ha við breytinguna. Einnig kemur fram á upprætti að hafnargarður er lengdur um 120 metra til suðurs, en ekki kemur fram hver stækkunin er til austurs, þ.e. breidd framkvæmdar, né hve stór heildarstækkun er í fermetrum.

Niðurstaða

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi felur í sér lengingu hafnarkants í Jötunheimavík til suðurs um 120 metra. Fram kemur í greinargerð að ekki þarf dýpkunarframkvæmdir vegna lengingarinnar og þeir 15.000 m³ sem þarf í uppfyllingu vegna stækkunarinnar fást úr nálægðri efnisnámu sem hefur rekstrarleyfi. Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna en fram koma hér að ofan.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

